

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,
svæði fyrir frístundabyggð F73 og F75, Lunansholti II.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. janúar 2014 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 10. janúar 2014.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er breytt í svæði fyrir frístundabyggð F73 5 ha að stærð fyrir 10 hús og F75 8 ha að stærð fyrir 10 hús.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. janúar 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.